

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 – Breyting á Ljósafossskóla

Athugasemdir Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu og svör við þeim.

Setja þarf skýrari ákvæði varðandi fyrirhugaða uppbyggingu m.a. fjölda og gerð húsa og tjalda og umfang nýrra mannvirkja.

Í greinargerð kemur fram að gisting geti verið í ýmis konar húsum og tjöldum og verði nánar útfærð í deiliskipulagi. Það er óþarflega bindandi að setja skilmála um fjölda og gerð húsa og tjalda í aðalskipulagi.

- Setja þarf ákvæði varðandi fyrirkomulag fráveitu til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Í gildandi aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarfélagsins um fráveitu. Sú stefna verður nánar útfærð í deiliskipulagi.

- Tilgreina þarf heimilaðan heildarfjölda starfsmannaíbúða innan svæðisins.

Skilmálum er breytt á þann veg að í þeim 3 íbúðarhúsum sem eru til staðar sé m.a. heimilt að vera með íbúðir/aðstöðu fyrir starfsfólk.

- Gera þarf grein fyrir áhrifum stefnunnar á umferðarsköpun sbr. umsögn Vegagerðarinnar.

Í aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir að núverandi aðkoma að Ljósafossskóla verði notuð áfram. Ekki er verið að leggja til nýjar vegtengingar, breytingar á þeim sem eru til staðar eða á vegum. Umferð eykst mögulega eitthvað við það að fleiri gestir geti gíst á staðnum. En búast má við að stærsti hluti þeirra sem gista séu á ferðinni um nálæga vegi hvort eð er.

Skipulagslýsingin og aðalskipulagsbreytingin voru send til umsagnar hjá Vegagerðinni. Talið er að það sé fullnægjandi á aðalskipulagsstigi. Nánara samráð verður haft við Vegagerðina við gerð deiliskipulags.